

119. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í Bergi mánudaginn 29. janúar 2024. Fundur hófst kl. 16:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir og Lovísa María Sigurgeirsdóttir.

Dagskrá:

1. Bókhald og uppgjör.

Fyrir liggur útreikningar vegna vinnu við bókhald og uppgjör fyrir 2023 frá Dalvíkurbyggð. Samþykkt samhljóða uppgjör við Dalvíkurbyggð uppá 465.184 krónur.

2. Slit á Menningarfélaginu Bergi ses.

Fyrir liggur staðfesting frá Ríkisskattstjóra um að gengið hafi verið frá afskráningu Menningarfélagsins Bergs ses. af vsk-skrá frá og með 31.12.2023

3. Kosning í skilanefnd Menningarfélagsins Bergs ses.

Samþykkt var á tveimur stjórnarfundum og aðalfundi milli þeirra í haust að slíta Menningarfélaginu Bergi ses.

Eigi sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri fyrir öllum skuldum sínum er hægt að kjósa félaginu skilanefnd. Í skilanefnd skulu kosnir hið minnsta tveir en hið mesta fimm menn. Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi. Skilanefnd skal síðan tilkynna hlutafélagaskrá ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu hlutafélagaskrár á starfi sínu. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.


Þegar skilanefnd hefur verið löggilt, skal hún láta birta tvisvar í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin, ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því auglýsingin birtist í fyrsta sinn.

Þegar skilanefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð, kvittanir þeirra er tóku við greiðslum og skilríki fyrir geymslureikningum, (svo og öll skjöl og bækur félagsins). Er félagið að því loknu afskráð úr hlutafélagaskrá.

Þegar skilanefnd hefur lokið störfum sínum skal hún auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok urðu.

Stjórn Menningarfélagsins Bergs ses samþykkir samhljóða að slitanefnd skipi Freyr Antonsson formaður stjórnar og Þorsteinn Þorsteinsson endurskoðandi.

Fundi slitið kl. 16:45.



Freyr Antonsson



Dóróþea Reimarsdóttir



Lovísa María Sigurgeirsdóttir